

3. Hundraðsgjöld af útsvörum manna, þegar aðrar tekjur hrökkva ekki fyrir útgjöldum. **83**

25. júlí

Eindagi hundraðsgjalds er hinn sami sem á útsvörum.

Fyrir innheimtu gjalda þessara greiðist 6% í innheimtulaun þeim, er hefir innheimtuna á hendi.

Lögtaksréttur fylgir öllum þessum gjöldum.

29. gr.

Sóknarnefnd gerir árleg reikningsskil fyrir tekjum og útgjöldum kirkjugarða- og legstaðasjóða eftir fyrirmynd frá biskupi. Skal reikningurinn sendur prófasti fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert ásamt fylgiskjölum.

Fyrir hver áramót skal sóknarnefnd gera fjárhagsáætlun fyrir kirkjugarðinn næsta ár.

30. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. október 1934.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 25. júlí 1934.

Þorsteinn Briem.

Gissur Bergsteinsson.

AUGLÝSING

84

um staðfesting ráðuneytisins á erindisbréfi fyrir héraðslækna.

26. júlí

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 44, frá 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, er hér með staðfest eftirfarandi erindisbréf, sem samið er af landlækni.

ERINDISBRÉF HÉRAÐSLÆKNA

1. gr.

Embættisstörf héraðslækna.

Héraðslæknar hafa, hver innan síns héraðs eftirlit með heilbrigðismálum og annast þar framkvæmdir opinberra heilbrigðisráðstafana samkvæmt lögum og fyrirmælum ráðherra, undir eftirliti og samkvæmt nánari leiðbeiningum landlæknis.

**Héraðslæknar stunda almennar lækningar.
Gegningarskylda héraðslækna.**

Héraðslæknar stunda almennar lækningar í héraði sínu og gegna hverjum þeim, sem leitar þeirra í lækniserindum. Aðkallandi sjúkravitjunum eru þeir skyldir til að gegna hvenær sem eftir því er leitað, að nóttu sem degi (sbr. þó 4. gr.), nema þeir séu hindraðir af öðrum embættisverkum, sem eru meira aðkallandi, eða sjálfir sjúkir.

Ef annar læknir hefir sjúkling til meðferðar.

Héraðslæknir verður þó ekki skyldaður til að vitja sjúklings, sem annar læknir hefir til meðferðar, nema eftir ósk þess læknis eða í brýnni nauðsyn, ef ekki næst til læknis sjúklingsins.

Héraðslækni er heimilt að hafa ákveðna viðtalstíma.

Héraðslækni er heimilt að auglýsa viðtalstíma, þó eigi styttri en 1½ klukkustund á hverjum degi, og eiga þá þeir, sem búsettir eru á sama stað og héraðslæknirinn (í sama kaupstað eða kaaptúni eða í svipuðu nágrenni) ekki heimtingu á afgreiðslu heima hjá honum utan þess tíma nema í aðkallandi nauðsyn.

Á helgidögum og almennum frídögum eiga aðkomumenn ekki heldur heimtingu á afgreiðslu heima hjá héraðslækni utan hins auglýsta viðtalstíma nema í aðkallandi nauðsyn.

Héraðslæknum er heimilt að auglýsa að um sjúkravitjun skuli beðið í tæka tíð.

Á sama hátt er héraðslækni heimilt að auglýsa, að fyrir ákveðinn tíma dags, er eigi sé þó fyr á degi en kl. 4 síðdegis, skuli beðið um sjúkravitjanir í nágrennið. Nú æskja þeir, sem auglýsingin nær til, síðar á degi læknisvitjunar, og eiga þeir þá ekki heimtingu á henni fyr en næsta dag, nema í aðkallandi nauðsyn.

Þátttaka héraðslæknis í læknaverði.

Þar sem fleiri læknar en héraðslæknir eru búsettir, er héraðslækni heimilt að taka þátt í samkomulagi um, að læknarnir skipti með sér að gegna sjúkravitjunum á nóttum, á helgidögum og almennum frídögum, eftir nánari reglum, er landlæknir staðfestir.

Skylda héraðslæknis að gegna utanhéraðssjúklingum.

Nú er héraðslæknis vitjað úr öðru læknishéraði en sínu til konu í barnsnauð eða í annari mjög brýnni nauðsyn, fyrir þá sök, að hægara er að ná til

hans en viðkomandi lækni, og hefir hann þá sömu skyldur til að vitja sjúklings- **84**
ins sem héraðsbúi hans ætti í hlut. **26. júlí**

Nú vitjar sjúklingur, búsettur utanhéraðs, héraðslækni á heimili hans eða annarsstaðar, þar sem hann er staddur innanhéraðs, og hefir hann þá sömu skyldur til að sinna honum sem héraðsbúi hans ætti í hlut.

6. gr.

Ef margir vitja héraðslækni í senn.

Ef tveir eða fleiri vitja héraðslækni í senn eða annað embættisstarf kallar að á sama tíma, sem hans er vitjað, metur hann, að fengnum upplýsingum, hver nauðsyn kallar að í hverju tilfelli, og gegnir jafnan fyrst því erindinu, sem bráðastrar afgreiðslu þarfnast. Þó má hann áður ljúka hinum smærri erindum, ef þeim er svo fljótt lokið, að töfin ekki sakar.

7. gr.

Héraðslæknar annast lyfjasölu, þar sem ekki eru sérstakar lyfjabúðir.

Í héruðum, þar sem ekki eru sérstakar lyfjabúðir, hafa héraðslæknar á hendi lyfjasölu.

Lyfjaverð.

Lyfjaverðið fer eftir lyfjagjaldskrá.

8. gr.

Húsakynni og áhöld héraðslækna til lyfjasölu.

Héraðslæknar, sem hafa á hendi lyfjasölu, skulu hafa til hennar viðunandi húsakynni og áhöld eftir stærð héraðsins og samkvæmt nánari fyrirmælum landlækni.

Lyfjabirgðir héraðslækna.

Héraðslæknir er skyldur til að hafa í lyfjabúð sinni nægar birgðir af fyrirskipuðum lyfjum og endurnýja þau eftir þörfum, svo að þau séu jafnan óskemmd. Hann skal og jafnan hafa nægar birgðir nauðsynlegra umbúða.

Héraðslæknar afgreiða lyf gegn lyfjaávisunum.

Héraðslækni er skylt að láta úti fyrirskipuð lyf einnig eftir ávisunum annara lækna.

Ef starfandi læknir hefir aðsetur í nágrenni við héraðslækni, svo að búast má við, að mjög mikið af lyfseðlum berist héraðslækninum, verður héraðslæknir þó ekki skyldaður til að afgreiða lyfseðla hins starfandi lækni að staðaldrí, nema að svo miklu leyti sem samningar takast um það þeirra á milli.

84

26. júlí

Lausasala lyfja og lyfjavarnings.

Þau fyrirskipuð lyf og lyfjavarning, sem afgreiða má án læknisávisana, lætur héraðslæknir úti eftir sömu reglum, sem þar um gilda, er í hlut eiga sérstakar lyfjabúðir.

9. gr.

Lyfjagreiðsla héraðslækna.

Héraðslæknar sinna lyfjaafgreiðslu á sama hátt sem segir um aðra læknishjálp í 2.—6. gr.

Takmörkuð afgreiðsla lausasölulyfja.

Nú hefir héraðslæknir opna lyfjabúð sína til afgreiðslu lengur en viðtals tímanum nemur (sbr. 3. gr.) og skal hann þá auglýsa það nægilega. Utan hins auglýsta tíma er honum ekki skylt að afgreiða lausasölulyf eða lyfjavarning, nema í aðkallandi nauðsyn eða gegn læknisávisun.

Aðstoð við lyfjaafgreiðslu.

Héraðslæknir má ekki fela aðstoðarmanni lyfjaafgreiðslu fyrir sig nema með samþykki landlæknis, og þá innan þeirra takmarka, er landlæknir setur.

10. gr.

Eftirlit héraðslækna með lyfjabúðum.

Þar sem eru sérstakar lyfjabúðir, skulu héraðslæknar gera sér far um að fylgjast sem bezt með daglegum störfum þeirra og rekstri, og ef þeir verða þess varir, að á það skorti, að lyfsalar hafi nægar og óskemmdar birgðir fyrirskipaðra og nauðsynlegra lyfja, umbúða og sjúkragagna, skulu þeir gera landlækni viðvart, svo og ef rekstrinum er að öðru leyti á einhvern hátt ábótavant.

11. gr.

Læknisáhöld héraðslækna.

Héraðslæknar skulu hafa öll áhöld og viðunandi húsakynni til almennra læknisstarfa, svo og nauðsynleg áhöld til stærri aðgerða, er bráðan kunna að að bera, allt eftir nánari fyrirmælum landlæknis.

Áhöld sín skulu héraðslæknar geyma í snyrtilegum verkfæraskáp og halda þeim svo við, að þau séu jafnan í nothæfu standi.

12. gr.

Borgun fyrir störf héraðslækna.

Um borgun fyrir störf héraðslækna og ferðir þeirra fer eftir gjaldskrá, er landlæknir semur og ráðherra staðfestir.

**Héraðslæknar mega ekki skorast undan að lána til bráðabirgða nauðsynleg
læknishjálp og lyf.** **84**

26. júlí

Héraðslæknir má ekki synja sjúklingi um nauðsynlega læknishjálp, þó að greiðsla geti ekki farið fram samstundis, né heldur þó að fullnægjandi trygging fyrir greiðslu sé ekki þegar fyrir hendi.

Héraðslæknir, sem annast lyfjasölu, má ekki skorast undan að lána til bráðabirgða lyf handa sjúklingi sínum í brýnni nauðsyn.

Slík bráðabirgðalán eru þegar gjaldkræf.

Ókeypis lyfjaávisanir handa ljósmæðrum.

Héraðslæknar láta starfandi ljósmæðrum í héruðum sínum ókeypis í té nauðsynlegar ávisanir á fyrirskipuð ljósmæðralyf.

13. gr.

Aðstoðarlæknar héraðslækna.

Héraðslækni er heimilt að ráða sér aðstoðarlækni um lengri eða skemmri tíma, og má hann með samþykki landlæknis fela honum að gegna embættisstörfunum með sér að meira eða minna leyti.

Héraðslækni, sem er orðinn ófær til starfa, verður ekki leyft að láta annan lækni gegna embættinu fyrir sig.

Nú er héraðslæknir fyrir elli sakir eða vanheilsu orðinn ófær til að gegna héraðslæknisstörfum á viðunandi hátt, og verður honum þá ekki heimilað að fela aðstoðarlækni að gegna embættinu nema um stundarsakir, ef um sjúkdóms-tilfelli er að ræða.

14. gr.

Héraðslækni er skylt að láta vita, hvar hann sé.

Héraðslæknir skal jafnan leitast við að sjá um, að sem auðveldast sé að komast að því, hvar hann er staddur á hverjum tíma, fyrir þá, sem þurfa að leita hans í lækniserindum.

15. gr.

Fjarvistir héraðslækna.

Héraðslæknir má ekki án leyfis landlæknis eða ráðherra fara út úr héraði sínu til að verða fjarverandi lengur en 2 sólarhringa í einu nema í embættiserindum (sbr. 5. gr.).

16. gr.

Ef héraðslæknir er forfallaður frá störfum.

Jafnan þegar héraðslæknir er á einhvern hátt forfallaður frá störfum, og þó að um stuttan tíma sé, skal hann leitast við, ef unnt er, að fá aðra lækna til að

84 gegna fyrir sig á meðan, þá, sem búsettir eru á sama stað sem hann, ef um það 26. júlí er að ræða, en annars nágrannalækna.

17. gr.

Leyfi til fjarvistar héraðslæknis, mánuð eða skemur.

Héraðslæknir, sem óskar að vikja frá héraði sínu í mánuð eða um skemmri tíma til dvalar eða ferðalaga innanlands, leitar samþykkis landlæknis. Brottfararleyfið veitist aðeins með því skilyrði, að héraðslæknir sjái héraðinu fyrir viðunandi læknisþjónustu, að dómi landlæknis, á meðan hann er fjarverandi.

Leyfi til fjarvistar héraðslæknis lengur en mánuð og til utanfarar.

Héraðslæknir, sem óskar að vikja frá héraði sínu um lengri tíma en mánuð eða til utanfarar, leitar samþykkis ráðherra. Slikt brottfararleyfi veitist aðeins með því skilyrði, að héraðslæknir sjái héraðinu fyrir þjónustu læknis, er landlæknir tekur gildan á meðan hann er fjarverandi.

18. gr.

Réttur héraðslækna til leyfa.

Héraðslæknar eiga kröfu á allt að mánaðarleyfi frá héraðslæknisstörfum á hverju ári, gegn því að þeir sjái héraðinu fyrir þjónustu læknis, er landlæknir tekur gildan, á meðan þeir eru fjarverandi.

19. gr.

Bann við launuðum aukastörfum héraðslækna.

Héraðslæknum er óheimilt nema með sérstöku leyfi ráðherra að takast á hendur önnur föst, launuð störf en þau, sem við koma læknisstarfi þeirra.

Bann við of viðtækum sjúkrahússtörfum héraðslæknis.

Héraðslæknir má veita forstöðu eða starfa við almennt sjúkrahús við hæfi héraðs síns, en viðtækari sjúkrahússtörfum má hann ekki gegna nema með sérstöku leyfi ráðherra.

20. gr.

Skylda héraðslæknis að gegna nágrannahéraði.

Héraðslækni er skylt að taka við skipun um að annast þjónustu nágrannahéraðs gegn hálfum byrjunarlaunum þess héraðs.

21. gr.

Skylda héraðslækna að gæta ráðdeildar fyrir hönd ríkissjóðs.

Héraðslæknum er skylt að gæta fyrir hönd ríkissjóðs ýtrustu sparsemi og ráðdeildar við framkvæmd opinberra heilbrigðisráðstafana. Þeir gera sér ekki

ferðir til slíkra framkvæmda eða eftirlits nema í brýnni þörf og, þegar unnt er, í samráði við landlækni. **84**

26. júlí

Fyrirskipað eða nauðsynlegt eftirlit, sem unnt er að framkvæma við tækifæri, leitast héraðslæknir við að leysa af hendi, er hann á ferð þar um, er eftirlitsins er þörf, en gerir sér ekki sérstaka ferð til þess, nema annað sé óhjákvæmilegt.

22. gr.

Sérstök ákvæði um héraðslækni í Reykjavík.

Héraðslæknir í Reykjavík er undanþeginn að sinna sjúkravítjunum nema eftir sérstökum fyrirmælum ráðherra.

Hann aðstoðar stjórnarvöld við millilandasóttvarnir og veitir forstöðu sóttvarnarhúsi ríkisins án sérstaks endurgjalds.

Honum er heimilt að vera yfirlæknir við farsóttahús Reykjavíkur eða tilsvarandi stofnun, en óheimilt að gegna viðtækari sjúkrahússtörfum.

Þetta er hérmeð birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 26. júlí 1934.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

AUGLÝSING

um útflutning á léttverkaðri saltsild.

85

31. júlí

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum, útgefnum í dag, skipar ríkisstjórnin svo fyrir, að viðlögðum sektum, að leyfi atvinnumálaráðuneytisins þurfi til þess að selja eða flytja til útlanda léttverkaða saltsild.

Þetta birtist hérmeð hlutaðeigendum til leiðbeiningar.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. júlí 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.